



**Minnisblað**  
**12. nóvember 2018**

**Móttakandi: Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður Hafnarfjarðar**

Í framhaldi af minnisblaði sem undirrituð tók saman þann 31. ágúst sl. Var óskað eftir frekari greiningum af hálfu undirritaðra.

Óskað var eftir frekari greiningum á rekstrartöllum FH knatthúsa þ.e. bæta við árum 2016-2017 í fyrri greiningar.

- 1) Að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að greina hvernig leigugreiðslum frá bænum vegna Risans hefur verið ráðstafað með greiningu á rekstarreikningum FH-knatthúsum ehf.**

Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður uppfærðar miða við að bæta 2016-2017 inn í greininguna. Ath. að vísað er til fyrra minnisblaðs frá 31. ágúst sl. Þar sem farið er yfir forsendur. Skoða skal fylgiskjal 1 þar sem útreikningar koma fram.

- a) Tekjur frá Hafnarfjarðarbæ á árunum 2007-2017 voru rúmlega 263 milljónir vegna leigu á Risanum.
- b) Styrkir og aðrar tekjur frá öðrum en Hafnarfjarðarbæ á árunum 2007-2017 voru að fjárhæð 69,2 milljónir króna. Má áætla að aðallega sé um sé að ræða útleigu á Risanum og Dvergnum ásamt 10 milljóna króna styrk frá KSÍ.
- c) Á árunum 2007-2017 voru 91,2 milljónir króna gjaldfærðar sem rekstur knatthúsa. Ekki liggja þar á bak við eiginlegir kostnaðarreikningar heldur er í árslok í bókhaldi fært til gjalda það sem hefur verið greitt til knattspyrnudeilda FH sem hefur séð um rekstur knatthúsins
- d) Árið 2012 tekur FH-knatthús ehf. yfir lán frá Aðalstjórn að fjárhæð 38,9 milljónir og greiðir FH-knatthús ehf. vexti og afborganir af því láni.
- e) Vaxtakostnaður ársins 2015 var kr. 11.581.315 og vegna ársins 2014 kr. 10.493.905 vegna lána sem tilheyra Risanum. Ekki var farið í að skoða nákvæmlega hver vaxtakostnaður fyrri ára var vegna þeirra lána en vaxtakostnaður áranna 2007-2013 og áranna 2016-2017 er áætlaður í fylgiskjali 1.



Auk þess var óskað eftir því að endurskoðandi staðfesti að FH skuldaði ekki vegna framkvæmda á athafnasvæði FH, þá þar framkvæmdir sem líst er hér :

- 2) Á undanförnum árum hefur FH tekið að sér ýmsar framkvæmdir á athafnarsvæði FH fyrir hönd bæjarins. Um er að ræða m.a. flýtiframkvæmdasamning, greiðslu á sl. ári vegna efnistöku af stæði væntanlegs knatthúss ofl. Fyrir þetta hefur bærinn greitt að fullu til FH. Mikilvægt er að áður en gengið verður til frekari samninga við FH liggi fyrir hvort félagið hafi gert upp að fullu við þá verktaka sem unnið hafa vegna framangreinda verka.

*Með vísan til þessa óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna að engar skuldir séu vegna þessara framkvæmda.*

Í tengslum við þessa fyrirspurn þá sendi undirrituð fyrirspurn í tölvupóst til til Viðars Halldórssonar Formanns FH. Hann staðfesti við undirritaða í tölvupósti þann 7.nóvember sl. að allar skuldir vegna ofangreindra framkvæmda, þ.e. flýtiframkvæmda og efnistöku hafi verið að fullu greiddar.

12. nóvember 2018,  
Ljósbrá Baldursdóttir  
Löggiltur endurskoðandi



Undirrituð var beðin um að svara meðfylgjandi fyrirspurn.

„Eftir því sem næst verður komist var í þeim forsendum sem lágu til grundvallar útreikningi á leiguverði sem bærinn hefur greitt til FH vegna leigu á tímum í Risannum, knatthúsi, á sínum tíma gert ráð fyrir að leigan myndi duga til að greiða rekstrarkostnað vegna knatthússins og afborganir og vexti af lánum sem tekin voru vegna byggingar húsnæðisins, á umsömdum leigutíma.

Með vísan til þessa er óskað eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna þessar upplýsingar. Reynist þær réttar óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara meirihlutans á því hvort hann telji réttlætanlegt og hvort það sé í samræmi við gr. 65 í sveitarstjórnarlögum um ábyrga meðferð fjármuna að greiða nú FH fullt verð fyrir Risann og þá í reynd fjármagna húsið í annað skipti.

Óskað er eftir að svar við fyrirspurninni verði lagt fram eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Með vísan til 65. gr. sveitarstjórnalaga óska undirritaðir bæjarfulltrúa minnihluta bæjarstjórnar eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að greina hvernig leigugreiðslum frá bænum vegna Risans hefur verið ráðstafað frá upphafi leigutímans. Í því sambandi verði gerð ítarleg greining á rekstrarreikningum FH-knatthúsa ehf. frá upphafi.“

Verður ekki séð annað en um tvíþætta spurningu sé að ræða til endurskoðanda bæjarins.

- 3) Að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna forsendur sem lágu til grundvallar á útreikningi leiguverðs.
- 4) Að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að greina hvernig leigugreiðslum frá bænum vegna Risans hefur verið ráðstafað með greimingu á rekstrarreikningum FH-knatthúsum ehf.

#### **Forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi leiguverðs.**

Undirrituð fór yfir samninga bæjarins við FH, vegna leigu Risans, til að meta hvort hægt væri að draga skýrar ályktanir af því hvaða forsendur lágu til grundvallar mati á leiguverði. Að mati undirritaðrar var ekki hægt að draga áltanir þessu tengt beint af samningunum og því var fyrirspurnum beint til aðila sem komu að gerð samninganna á sínum tíma fyrir hönd Hafnafjarðarbæjar. Samkvæmt þeim eru forsendur tímagjalds fyrir leigunni að mæta áætluðum rekstrar- og fjármagnskostnaði, ekki afborganum af lánum sem tekin voru vegna byggingar hússins.

#### **Greining á rekstrarreikningum FH- knatthúsa ehf.**

Á árinu 2016 fór endurskoðandi bæjarins yfir ársreikninga FH- knatthúsa ehf. Meðfylgjandi yfirlit (fylgiskjal 1) er unnið upp úr ársreikningum FH – knatthúsa ehf. frá árunum 2008-2015. Upplýsingaöflun fór fram árið 2016 í gegnum endurskoðanda FH- knatthúsa ehf. (Eymundur Sveinn Einarsson og Jóhann M.



Ólafsson) ásamt samtölum og gögnum frá Viðari Halldórssyni. Óskað var eftir ársreikningum félagsins og fengust þeir frá og með árinu 2008 til 2015.

Meðfylgjandi eru helstu niðurstöður

- f) Tekjur frá Hafnarfjarðarbæ á árunum 2007-2015 voru rúmlega 207 milljónir vegna leigu á Risanum.
- g) Styrkir og aðrar tekjur frá öðrum en Hafnarfjarðarbæ á árunum 2007-2015 voru að fjárhæð 41,6 milljónir króna. Má áætla að aðallega sé um sé að ræða útleigu á Risanum og Dvergnum ásamt 10 milljóna króna styrk frá KSI.
- h) Á árunum 2007-2015 voru 77 milljónir króna gjaldfærðar sem rekstur knatthúsa. Ekki liggja þar á bak við eiginlegir kostnaðarreikningar heldur er í árslok í bókhaldi fært til gjalda það sem hefur verið greitt til knattspyrnudeilda FH sem hefur séð um rekstur knatthúsins
- i) Árið 2012 tekur FH-knatthús ehf. yfir lán frá Aðalstjórn að fjárhæð 38,9 milljónir og greiðir FH-knatthús ehf. vexti og afborganir af því láni.
- j) Vaxtakostnaður ársins 2015 var kr. 11.581.315 og vegna ársins 2014 kr. 10.493.905 vegna lána sem tilheyra Risanum. Ekki var farið í að skoða nákvæmlega hver vaxtakostnaður fyrri ára var vegna þeirra lána en vaxtakostnaður áranna 2007-2013 er áætlaður í fylgiskjali 1.

Sambærilega greining og vegna áranna 2007 til 2015 hefur ekki verið unnin vegna áranna 2016 og 2017.

31. ágúst 2018,  
Ljósbrá Baldursdóttir  
Löggiltur endurskoðandi